



Samráðsgátt
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Mál nr. 162/2023

Reykjavík, 21. september 2023

Efni: Áform um lagasetningu um aukið valfrelsi í fjárfestingakostum viðbótarlífeyrissparnaðar

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til áhugaverðra áforma ráðuneytisins um að leggja fram frumvarp um aukið valfrelsi í fjárfestingakostum viðbótarlífeyrissparnaðar. Fram kemur í áformunum að auka eigi valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði á þá leið að einstaklingar geti sjálfir ákveðið eigin fjárfestingarstefnu vegna sparnaðarins og breytingar á henni í samráði við vörsluaðila. Til að ná því markmiði þurfi að auka heimildir vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar til að bjóða viðskiptavinum sínum að hafa persónulegt val um fjárfestingarstefnu viðbótarlífeyrissparnaðar á þann veg að eigandi slíks lífeyrissparnaðarins geti sjálfur ákveðið fjárfestingar og ávöxtun sparnaðarins.

Í áformunum kemur fram að unnið verði að frumvarpsdrögum í samráði við Landssamtök lífeyrissjóða og Seðlabanka Íslands. En ekki er síður mikilvægt að vinna að málinu í samvinnu við fjármálafyrirtæki sem eru vörsluaðilar séreignarsparnaðar. Óljóst er hver markmiðin með breytingunni eru gagnvart vörsluaðilum séreignarsparnaðar sem þegar eru með úrval valkosta í boði vegna séreignarsparnaðar. Hjá þeim er fyrirbyggjandi bæði sérfræðipækning og kerfislegir innviðir sem mikilvægt er að horfa til við mótun löggjafarinnar. Núverandi kerfisstrúktúr þarf að geta náð utan um þær leiðir sem verða í boði. Því fara SFF fram á að náði samstarf verði haft við samtökin og aðildarfélag þeirra við útfærslur á lagarammanum.

Einnig má velta upp ýmsum spurningum og sjónarmiðum varðandi útfærslu löggjafarinnar með tilliti til fjárfestaverndar. Þannig er mikilvægt horfa til sjónarmiða um áhættudreifingu fjárfestinga sem best er tryggð með úrvali af dreifðum fjárfestingarleiðum eða verðbréfasjóðum. Horfa þarf til reynslunnar í þeim efnum. Sú spurning vaknar hvort ætlunin sé að opna fyrir val um að hver og einn geti valið stök verðbréf og þá jafnvel óskráð (og óseljanleg) verðbréf í sinn séreignarsparnað. Einnig vaknar sú spurning hvort ætlunin sé að hafa til staðar reglur um fjárfestavernd t.d. þannig að framkvæma eigi tilhlýðileikamat hjá viðskiptavini sem felur í sér mat á því hvort að sá sem fjárfestir skilji áhættuna af þeim viðskiptum sem hann ræðst í með sinn viðbótarlífeyrissparnað.

SFF eru hvenær sem eru reiðubúin að vinna með ráðuneytinu að útfærslum á löggjöf um þetta efni.



Samtök
fjármálafyrirtækja

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur